



Veður tefur framkvæmdir á Búðum



Framkvæmdir við Hótel Búðir hafa staðið yfir í tæpt ár en áætlað var að bæta við 1.583 fermetrum við bygginguna sem er um tvöföldun á upprunalegri stærð þess. Framkvæmdirnar höfðu verið á teikniborðinu um nokkurra ára skeið áður en hafist var handa í maí á síðasta ári.

Nýju álmu hótelsins er verið að reisa úr forsteyptum einingum en hún er staðsett sunnan megin við hótelið þar sem


hluti bílastæðisins var áður. Nýja álman verður tengd þeirri gömlu og því hefur hótelið verið lokað um nokkurn tíma á meðan framkvæmdir standa yfir. Allar hæðir verða tengdar saman og lyftu komið fyrir. Nýja álman rúmar 24 herbergi en auk þess verður meðal annars aðstaða fyrir eldhús, geymslu og þvottahús.

Framkvæmdirnar hafa gengið vel til þessa en veturinn hefur sett töluvert strik í reikninginn.

Veðráttan var þeim ekki hliðholl sem hefur valdið töluverðum töfum. Samkvæmt Berglindi Arnardóttur, hóteltjóra, vonast þau til

að geta opnað hótelið í maí en sjá ekki fram á að það verði raunhæft.


JJ



Messa Ólafsvíkurkirkju sunnudaginn 5. mars kl. 14.00

Innsetningarmessa.
Sr. Egir Örn Sveinsson
messar í fyrsta skipti.
Kaffiveitingar og spjall
eftir messu

Velkomin öll og alltaf



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Pósturinn lokar í Ólafsvík

Það voru miður skemmtilegar fréttir sem bárust í byrjun vikunnar þegar kom í ljós að Pósturinn hyggst gera breytingar á pósthúsu í Ólafsvík á næstu mánuðum. Þá stendur til að loka pósthúsinu í byrjun júní og leggja þess í stað meiri áherslu á annars konar þjónustu á svæðinu. Með þessu er verið að þróa þjónustuna í takt við breyttar þarfir og kröfur neytenda að sögn Þórhildar Ólafar Helgadóttur, forstjóra Póstsins. Segir hún að dregið hafi verulega úr eftirspurn eftir afgreiðsluþjónustu pósthúsa og að ánægðustu viðskiptavinir Póstsins séu þeir sem nota pósthúsin en nýlega voru sett upp pósthúsið við Sóluskála Ó.K. í Ólafsvík og við Hraðbúð N1 á Hellissandi.

Pósturinn hefur lagt höfuðáherslu á að endurskipuleggja þjónustu fyrirtækisins með viðskiptavini í forgrunni og hluti af þeirri vegferð eru fleiri sjálfvirkar afhendingarleiðir í aukinni nálægð við viðskiptavini, markmið



Póstsins er að fjölga afhendingarstöðum en það er þeim mikið kappmál að bæta við pósthúsum í helstu þéttbýliskjarna á landsbyggðinni að sögn Þórhildar.


Þrátt fyrir þessar breytingar er Pósturinn ekki að fara neitt og verður haldið áfram að þjónusta svæðið eftir bestu getu. Auk pósthúsa mun bréfberi halda áfram að sjá um dreifingu eins og verið hef-

ur og geta þeir sem það kjósa sem fyrr óskað eftir heimsendingu. Ef sá sem á von á pakka missir af heimsendingu þá er hægt að hafa samband við pósthúsin eða þjónustuverið og biðja um að koma aftur með sendinguna þegar hentar. Pósthúsin verður á ferðinni fram til klukkan 13 á daginn fimm daga vikunnar og verður hægt að hafa samband við bílstjóran í gegnum síma. Frímerki verða til sölu hjá endursöluaðila á svæðinu og einnig í netverslun Póstsins á stamps.is.

Jökull sendi fyrirspurn á Póstinum um hvort störfum fækki í sveitafélaginu og fékk þau svör að þessar breytingarnar leiði óhjákvæmilega til endurskoðunar á mannaflaþörf, Pósturinn lítur á norðanvert Snæfellsnes sem eitt þjónustusvæði og þjónustan þar verður jafn góð eftir sem áður.

Á næstu vikum munu íbúar Snæfellsbæjar fá nánari upplýsingar um hvernig þjónustunni verður hagað í framhaldinu.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Getraunir 1x2

Fjölmennt var síðasta laugar- dag hjá okkur í getraunakaffinu. Meðal gesta var þjálfari 21. árs landsliðs karla, Davíð Jónasson og hafði hann greinilega gaman af að fylla út nokkrar raðir hjá okkur. Líflugar umræður sköpuðust um fótboltann og fleiri málefni honum tengd. Varðandi getraunastarfið þá var þetta eins og verið hefur, erfitt að komast yfir 10 rétta múrinn, en nokkrir seðlar voru með 10 rétt úrslit, sem dugði stutt, því

ekki var greitt fyrir það. Bara fyrir 12 og 13 rétt úrslit, en svo fyrirséð voru úrslit dagsins. Við höldum samt áfram og verðum næsta laugar- dag á staðnum á milli klukkan 11.00 og 12.00 og að sjálfsögðu með okkar rómaða kaffi á könnunni. Þess má geta að næsti leikur Víkinga í Lengjubikarnum er áætlaður hér heima föstudaginn 10. mars.

Áfram Víkingur


Ungmennaráð sækir um til Erasmus



Undanfarnar vikur hefur Ungmennaráð Snæfellsbæjar lagt mikla vinnu í tvíþætta umsókn til Erasmus. Annars vegar sækir Ungmennaráðið um skipulag á þátttökuverkefni þar sem það myndi sjá um að skipuleggja stóran viðburð í haust með aðstoð Erasmus og fá þá fjölda fyrirlesara að borðinu til að ræða málefni sem varða störf nefndarinnar. Hins vegar felur umsóknin í sér möguleika á fimm daga ferðalagi erlendis til fundar við önnur ungmennaráð auk þess að Ungmenna-

ráð Snæfellsbæjar tæki á móti erlendu ungmennaráði hingað heim. Ungmennaráð Snæfellsbæjar skipa þau Eypór Júlíus Hlynsson, Gunnlaugur Páll Einarsson, Hanna Imgront, Júlía Dröfn Júlíusdóttir og Stefanía Klara Jóhannsdóttir. Hafa þau unnið öflugt starf í nefndinni og á meðfylgjandi mynd má sjá ungmenninn á Sker að fagna áfanganum, að umrædd umsókn sé komin til skila. Á myndina vantar Júlíu Dröfn Júlíusdóttir.

SJ



Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Bláðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,
Bláðið kemur út vikulega.

Spessi sýnir verk á Hellissandi

Um liðna helgi var listsýning í galleríinu 3 Veggir sem staðsett er í listamiðstöðinni Himinbjörg á Hellissandi. Ljósmyndarinn Spessi sýndi verk sín í galleríinu 24. - 26. febrúar auk þess að eiga samtalið við gesti sýningarinnar á laugardaginn í Spaghettikirkju Hellissands þar sem hann fór yfir 30 ára feril sinn sem konseptlistamaður. Spessi kynnti verk sín, ræddi sýn sína og vinnuna að baki verkanna. Hann ræddi einnig listina að taka mynd og hvernig sjónarhorn geta túlkað mikilvæg skilaboð en einnig logið. Þetta setti hann í samhengi samfélagsmiðla og velti upp spurningunni hvort fólk ætti að vera meira meðvitað við ljósmyndun og sýna ábyrgð þegar myndir eru birtar. Jón Proppé listheimspek-



ingur og Bjarni Sigurbjörnsson eigandi gallerísins tóku einnig þátt í umræðunum. Sýningin var fyrsti viðburður ársins í listamiðstöðinni.

JJ

Klæddu sig í búninga á öskudaginn



Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur í síðustu viku líkt og hefð er fyrir. Á leikskólum Snæfellsbæjar voru haldin öskudagsböll á öllum deildum. Prinsessur, risaeðlur og ofurhetjur slógu köttinn úr tunnunni og dönsuðu við ljúfa tóna. Allir fengu snakk í poka eftir átökin og höfðu þau gaman af. Á leikskóla Grundarfjarðar mættu nemendur og starfsfólk einnig í búningum. Músadeildin, sem er yngsta deildin, fór í gönguferð og máluðu þau svo skemmtilegar myndir. Ugludeildin sló köttinn úr tunnunni

og krakkarnir á drekadeildinni, sem er elsta deildin, gengu í fyrirtæki í nálægð við leikskólann og sungu fyrir starfsmenn. Nemendur úr Grunnskólanum komu við á leikskólanum, sungu fyrir krakkana og fengu nammi að launum.

Á Hellissandi og Rifi gengu krakkar í hús seinni partinn og sníktu gotterí. Margir krakkar tóku þátt í ár enda gott veður fyrir slíka afþreyingu. Plássið iðaði af lífi og voru krakkarnir al-sælir eftir daginn með stútfulla poka af sælgæti.

JJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111

UMFG í úrslit í Krakkakviss



Ungmennafélag Grundarfjarðar er komið í úrslit sjónvarpsþáttarins Krakkakviss í annari tilraun liðsins. Árið 2021 höfðu vaskir krakkar í liði UMFG komið sér úr því að vera eitt af 400 liðum sem sóttu um að taka þátt í sjónvarpsþáttunum og í 8 liða úrslitum draumurinn endaði þó skyndilega þegar Covid smit kom upp í hópnum og þurftu þau að draga sig úr leik. Tveimur árum síðar er lið Grundarfjarðar aftur komið í þessa óskastöðu og hafa krakkarnir staðið sig með þryði. Liðið er skipað af

Kristu Rún Prastardóttur, Hauki Orra Heiðarssyni og Hans Bjarna Sigurbjörnssyni en líkt og í sjónvarpsþáttunum Kviss keppa liðsfélagar fyrir hönd hinna ýmsu íþróttafélaga á landinu. Nú þegar hafa grundfirðingarnir unnið sigur á Stjörnunni í 8 liða úrslitum og ÍBV í undanúrslitum og spennandi verður að fylgjast með þeim á Stöð 2 þann 4. mars þar sem þau munu etja kappi við KR og kemur þá í ljós hver mun standa uppi sem sigurvegari þessarar þáttaraðar af Krakkakviss.

SJ

SJÁVARRÉTTAVEISLA Kúttmagakvöld

Lionsklúbbs Grundarfjarðar

í FSN laugardagskvöldið 4. mars

Húsið opnar 19.00 - Borðhald hefst 20.00

Málefni kvöldsins: SAUNA á sundlaugarsvæði Grf.
fyrir heilsuvernd slökkviliðsmanna + lífsgæði íbúa Grf.

Miðaverð: 5.000,- kr. Skráning: kuttmagi@gmail.com eða

Aðalsteinn 862 8415

Víkingur keppir í efstu deild



Nýlega tilkynnti Ungmennafélagið Víkingur/Reynir að til standi að stofna rafíþróttadeild innan félagsins og er undirbúningur og vinna í kringum það nú í fullum gangi.

Gunnlaugur Páll Einarsson mun taka þátt í RLÍS deildinni í leiknum Rocket League ásamt liði sínu, deildin hét áður Arena deildin og er úrvaldeildin í Rocket League. Liðið er skipað

af Gunnlaugi eða Gulla eins og hann er oft kallaður sem býr í Ólafsvík en leikjanafnið hans er Gullos 10, Kristóferi Thomasson sem ber leikjanafnið pepsicola, Snævari Atla Halldórssyni sem ber leikjanafnið Snæsi og einum keppanda erlendis frá, Dennis Dahlberg sem ber leikjanafnið RonnyBangzon. Þetta mót er það fyrsta sem þeir félagarnir keppa í sem lið en þetta er þó annað árið sem Gulli tekur þátt, hann tók þátt í Arena deildinni í Rocket League í fyrra með öðru liði. Keppa þeir nú undir merkjum Víkings Ólafsvík á mótinu sem hefst 7. mars næstkomandi og mun standa yfir í sjö vikur.

Gulli er ekki óvanur spilari en hann hefur spilað Rocket League

síðan árið 2016 auk þess sem hann er duglegur við að keppa á rafíþróttamótum, til að mynda er hann að taka þátt í öðru móti þessa dagana í leiknum Overwatch.

Hægt verður að fylgjast með mótinu á Twitch og á Esport rás Stöðvar 2, meiri upplýsingar um keppendur og mótið er hægt að finna inn á Facebooksíðu Rocket League Ísland.

SJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Bifreiðuverkstaði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn